



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Young Reporters
for the environment

Ungt umhverfisfréttafólk

Samþætting við Aðalnámsskrá og Heimsmarkmið SÞ

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Janúar 2021

Nafn skóla: Tækniskólinn

Nafn verkefnisstjóra: Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir hjá Landvernd

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-51, 2020-2021

Efnisyfirlit

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Framvinda verkefnisins	3
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	3
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	7
Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins	7
Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið	7
Niðurstöður	8
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn	8
Ánægðir og fróðleiksfúsir nemendur	8
Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	11
Að lokum	11
Rekstrarreikningur	12

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Sótt var um styrk til þróunar á verkefninu „Ungt umhverfisfréttafólk“. Vildum við samþætta verkefnið betur við Aðalnámskrá framhaldsskólanna og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Markmið þróunarinnar var tvíþætt:

1) Að leita leiða til þess að tengja Heimsmarkmiðin enn betur við verkefnið

[Ungt umhverfisfréttafólk](#). Við viljum sjá til þess að öll börn og ungmenni sem fara í gegnum verkefnið þekki heimsmarkmiðin og geti rökstutt hvernig þeirra verkefni uppfylli markmiðin.

2) Stuðla að aukinni samþættingu verkefnisins við Aðalnámskrá framhaldsskóla og sérlega mikilvæg umhverfismálefni með fjölbreyttum leiðum. Til dæmis með því að auka þekkingu kennara og nemenda um falsfréttir, persónuverndarlögin, loftslagsjafnrétti og loftslagskvíða.

Þróunin þjónar einnig með beinum hætti markmiðum verkefnisins Ungt umhverfisfréttafólk í heild sinni. Þau eru m.a. að:

- efla alþjóðlega samkennd
- stuðla að aukinni meðvitund um Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun
- tengja skólann við samfélagið og auka samvinnu á milli skóla í landinu
- hvetja nemendur til að vinna að sameiginlegu markmiði, þvert á kyn, kynþætti, kynvitund, stétt, móðurmál, trúarbrögð, fötlun og heilsuástand
- taka á loftslagskvíða ungmenna með valdeflandi hætti

Framvinda verkefnisins

Hér verður fjallað um hvaða leiðir voru valdar til að ná markmiðinu, helstu hindranir og frávik í ferlinu og ávinninginn af því.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Verkþáttur 1: Viðtöl við sérfræðinga á sviði persónuverndar, loftslagsjafnréttis, Heimsmarkmiðanna, falsfrétta og loftslagskvíða.

Tekin voru viðtöl, sendir tölvupóstar og hringt í fjölda sérfræðinga vegna verkefnavinnunnar.

Leitað var til Elfu Ýrar Gylfadóttur, framkvæmdastjóra Fjölmíðlanefndar og leyfi fengið fyrir því að nota efni sem þau sköpuðu fyrir [sitt falsfréttaáttak](#) sem fór af stað á svipuðum tíma og verkefnavinnan hófst. Samvinnan við Fjölmíðlanefnd gekk vel og varð til þess að myndbandið þeirra um falsfréttir var gert aðgengilegra til notkunar í kennslu. Ungt umhverfisfréttafólk er hvatt til þess að kynna sér falsfréttaáttak Fjölmíðlanefnar og taka stöðupróf um falsfréttir.

Fundað var með Hugrónu R. Hjaltadóttir, sérfræðing á Jafnréttisstofu varðandi loftslagsjafnréttisfræðsluna. Auk þess var rætt við **Arnfríði Guðmundsdóttur**, prófessor við Guðfræði- og trúabragðafræðideild HÍ og **Veru Knútsdóttur**, framkvæmdastjóra Félags Sameinuðu Þjóðanna. Niðurstaðan var að fremur hugtakið loftslagsréttlæti og var hugtakið skilgreint í samráði við sérfræðinganna sem hér voru nefndir. Íslensk skilgreining á hugtakinu var ófinnanleg en með þessu samráði var bætt úr þeim málum. Skilgreiningin er nú eftirfarandi:

Hugtakið loftslagsréttlæti gefur til kynna að loftslagsmál eru ekki bara umhverfismál, heldur verður baráttan við loftslagshamfarir alltaf að taka mið af mannréttindum, félagslegu réttlæti og jafnrétti kynja. Loftslagsbreytingar hafa mismikil áhrif á fólk eftir stöðu þeirra í samfélaginu, þar sem búseta, kyn, kynferði, kynþáttur, lítarháttur, aldur, efnahagur og aðrir þættir gegna mikilvægu hlutverki.

Elft var til samstarfs við Huldu Tölgyes, sálfræðing sem hefur sérhæft sig í loftslagskvíða. Hún kom að þróun kennsluefnis um málefnið í samstarfi við Vigdís, verkefnastjóra Landverndar. Lítið hefur verið fjallað um loftslagskvíða fram að þessu og er kennsluefnið líklega það fyrsta sinnar gerðar hér á landi. Nauðsynlegt var að hafa stuðning sálfræðings við þróunina, því ætlunin var frá upphafi að veita nemendum nauðsynleg tól og tækifæri til þess

að takast á við eigin loftslagskvíða ef hann blossar upp. [35% Íslendinga undir 30 ára aldri hafa fundið fyrir slíkum kvíða.](#)

Sendir voru póstar á Persónuvernd um höfundarrétt og persónuvernd. Voru þau sérstaklega spurð álitis um það hvað þau myndu vilja koma á framfæri við framhaldsskólanema og svör þeirra nýtt við þróun námsefnisins. Auk þess fór lögfræðingur sem sérhæfir sig í höfundarétti yfir þá fræðslu sem nemendur fengu.

Reglulega var leitað til annarra sérfræðinga innan Landverndar, t.d. innan teymis Skóla á grænni grein. Það stendur til að verkefnið verði kynnt á þeim vettvangi. Rannveig Magnúsdóttir, líffræðingur veitti auk þess góð ráð í þróuninni.

Verkþáttur 2: Vinna með nemendum.

Þróun á örfræðslum í framhaldsskólum um heimsmarkmiðin, falsfréttir, persónuvernd og loftslagsjafnrétti með Tækniskólanum og afmk tveimur öðrum þátttökuskólum „Ungs umhverfisfréttafólks“.

Eftirfarandi skólar tóku þátt og prófuðu námsefnið
Tækniskólinn
Fjölbautaskólinn við Ármúla
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund

Verkefnastjóri heimsótti skólana samtals um 12 sinnum, stundum rafrænt vegna Covid. Í örðum tilfellum tóku kennarar alfarið að sér að prófa kennsluefnið sjálfir. Nemendur fengu tækifæri til þess að koma með athugasemdir til verkefnastjóra eftir að hafa hlotið fræðslu. Almenn vakti fræðslan og málefnið mikla og jákvæða athygli nemenda. Þeirra innlegg við þróun verkefnisins var virkilega gagnlegt. Nemendum gafst bæði tækifæri til að svara nafnlausri könnun um verkefnið og senda verkefnastjóra tölvupóst. Sjá dæmi um athugasemdir nemenda á blaðsíðu 9.

Tengingarnar við heimsmarkmiðin eru sérlega áberandi í fræðslunni um loftslagsréttlæti. Sú fræðsla dýpkar almenna þekkingu nemenda á því hve þverfagleg loftslagsmálin eru og veitir þeim töl til þess að taka á því. Hér fyrir neðan er skjáskot út loftslagsréttlætisfræðslunni.

Áður en nemendur sjá þessa glæru, þá hafa þau verið spurð að því hvað þau geta gert til þess að halda órjúfanlegum tengingum loftslagsmála og jafnréttis á lofti.

Verum meðvituð:

Jafnrétti skiptir máli í loftslagsmálunum.

Höfum áhrif:

Bendum á það þegar okkur þykir jafnréttismálin ekki fá nægt vægi í loftslagsumræðunni.

Leitum réttmætra lausna:

Hugum að því hvernig ólíkar lausnir koma til með að hafa áhrif á ólíka hópa.

Ákveðið var að útbúa sér-grein á vefinn varðandi tengingar verkefnisins við heimsmarkmiðin. Það var gert til þess að skerpa enn fremur á tengingu Ungs umhverfisfréttafólks við markmiðin.

[Smelltu á hér til þess að skoða greinina í heild sinni á vefnum.](#)

Í hverri fræðslu sem gerð var, má finna gagnvirkan leik eða æfingu fyrir nemendur. Þróaðar voru leiðir til þess að virkja nemendur í slíkum æfingum rafrænt. Mikil áhersla var lögð á virka þátttöku þeirra og tókst það vel til.

Verkþáttur 3: Samráðsfundir kennara

Engir formlegir samráðsfundir kennara voru haldnir vegna Covid. Vissulega hefði verið hugsanlegt að reyna á fjarfundaformið en verkefnastjóri taldi óskynsamlegt að auka álag kennara í Covid. Þess í stað hélt verkefnastjóri góðu sambandi við alla kennara og hélt minni fundi með kennurum úr sömu skólum. Þá var verkefnið kynnt fyrir öllum þátttakendaskólum Ungs umhverfisfréttafólks í gegnum tölvupósta.

Verkþáttur 4: Aukin meðvitund skólasamfélagsins á verkefninu.

The infographic is titled "Heimsmarkmiðin og Ungt umhverfisfréttafólk" (Sustainable Development Goals and Young Environmental Journalists). It features a central circular graphic of the 17 SDG icons, with a hand holding a green sprout on the left. Below the title, it explains the connection between the goals and the youth group's work. It lists eight key points:

1. **Ábyrgð og gæsla** (Responsible Consumption and Production) - Focuses on responsible consumption and production, including environmental protection and waste management.
2. **Nettólaust** (Sustainable Development) - Focuses on sustainable development, including environmental protection and waste management.
3. **Heilbrigði** (Good Health and Well-being) - Focuses on good health and well-being, including environmental protection and waste management.
4. **Menntafræðsla** (Quality Education) - Focuses on quality education, including environmental protection and waste management.
5. **Samfélagslegri atvika** (Gender Equality) - Focuses on gender equality, including environmental protection and waste management.
6. **Rennt vatni og orkuskipti** (Clean Water and Energy) - Focuses on clean water and energy, including environmental protection and waste management.
7. **Orkuskipti** (Affordable and Clean Energy) - Focuses on affordable and clean energy, including environmental protection and waste management.
8. **Viðhaldleg vaxning** (Decent Work and Economic Growth) - Focuses on decent work and economic growth, including environmental protection and waste management.

Lögð var áhersla á að kennsluefnið myndi nýttast fjölbreyttum hópi nemenda og kennara og að það yrði gert aðgengilegt á vefsíðu Landverndar. Verkefnastjóri hefur þegar hafið þá vegferð að taka verkefnið skrefinu lengra og gefa námsefnið út í formi glærुकynningu á vef Landverndar. Vonast er til þess að styrkur fái st í framhaldinu til þess að semja handbók um umhverfismiðlun, þar sem námsefnið sem þróað var í þessu ferli verður notað. Þannig myndum við gefa því almennilegt framhaldslíf.



Hér má sjá forsiðuna á öllum fræðslunum.

Annað

Auk þeirra verkþátta sem lýst var hér að ofan, fór verkefnastjóri í mikla heimildaöflun fyrir þróunarverkefnið. Þar sem lítið var um upplýsingar um þau málefni sem þróunin fól í sér, var nauðsynlegt að kafa dýpra ofan í viss málefni en upphaflega var áætlað. Þeir sérfræðingar sem rætt var við (verkefni 1), vísuðu veginn að miklu leyti og reyndust vel við upplýsingaöflun.

Ákveðið var að þróa námsefni um grænþvott í kjölfar falsfréttifræðslunnar. Falsfréttir og grænþvottur eru náskyld fyrirbæri og stóð upphaflega til að gera grænþvotti góð skil í falsfréttifræðslunni. Það er hins vegar viðfangsmikið umræðuefni út af fyrir sig og eftir samráð við sérfræðinga þótti að lokum ráð að hafa sér-fræðslu um hann.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Það er tvennt sem fór á annan veg en ætlunin var vegna Covid og má finna upplýsingar í verkþætti 2 og 3. Auk þess var gerð ein auka fræðsla í þróunarferlinu, varðandi grænþvott, líkt og fram kom í síðasta kafla.

Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Nauðsynlegt var að þróa námsefnið í gegnum rafrænt form í stað þess að gera það á staðnum. Það var í senn hindrun og tækifæri. Það var hindrun að því leyti að erfiðara var að fá endurgjöf nemenda við námsefninu. Sú hindrun var leyst á þann hátt að nemendur fengu senda á sig rafræna nafnlausu endurmatskönnun um námsefnið. Kosturinn fólst í því að verkefnið gaf verkefnastjóra færi á að finna út úr rafrænum lausnum og skoða möguleikanna sem rafrænt form hefur fyrir gagnvirka kennslu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Nemendur í fjórum skólum dýpkuðu þekkingu sína á Ungu umhverfisfréttafólki og fengu fræðslu um það hve þverfagleg loftslagsmálin eru. Auk þess fengu þeir tækifæri til þess að koma með athugasemdir og bæta fræðsluna áður en hún verður gefin út og notuð til kennslu í fleiri skólum. Ávinningur verkefnisins er fyrst og fremst fólgin í afurð sem margar hendur hafa komið að og sett sitt mark á, bæði nemendur, kennarar og sérfræðingar héðan og þaðan úr samfélaginu.

Stefnt er að því að verkefnið muni í framtíðinni skila sér í útgefnu fræðslu- og kennsluefni. Verkefnastjóri hefur orðið var við mikinn skort á kennsluefni um umhverfismiðlun almennt á íslensku. Þróun á þeim kennsluáðferðum og fræðum sem fram fór vegna styrksins hefur undirbúið jarðveginn fyrir næstu skref í átt að slíku kennsluefni. Allt það efni sem þróað var með styrknum mun nýtast í þeirri vegferð.

Niðurstöður

Hér verður farið yfir helstu niðurstöður verkefnisins.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

- Sífellt fleiri skólar taka þátt í verkefninu Ungt umhverfisfréttafólk og munu niðurstöður þessa verkefnis vera þeim aðgengilegar. Það stendur til að innleiða verkefnið á unglingastigi grunnskóla á næstu árum, svo verkefnið mun í framhaldinu hafa áhrif á tveimur skólastigum.
- Áfram verður unnið með niðurstöður verkefnisins og með tímanum verður öll þekking verkefnastjóra á sviðunu aðgengileg á vef Landverndar.
- Þekking verkefnastjóra á rafrænum lausnum hefur aukist til muna. Sú þekking sem hefur skapast á því sviði var ekki hluti af upphaflegu markmiði verkefnisins en er gott dæmi um jákvæða hliðarafurð vegna Covid faraldursins. Prófuð voru ýmis forrit til þess að virkja nemendur og reynslan af þeim mun gagnast verkefninu vel til framtíðar.
- Það tókst mjög vel til í verkefninu og helstu markmiðunum var náð. Eftir situr leiðarvísir að fræðslum sem dýpka tengingar á milli umhverfismála og annarra samfélagslegra málefna varðandi nútímasamfélagið, netnotkun og réttlætismál. Að auki gafst tækifæri til þess að stórbæta vefsíðu Ungs umhverfisfréttafólks á Íslandi og munu kennarar njóta afraksturs af þeirri vinnu næstu árin. Nemendur voru almennt ánægðir með framvindu þróunarinnar og komu með gagnlegar athugasemdir í verkefnavinnunni.

Ánægðir og fróðleiksfúsir nemendur

Samvinna á milli nemenda, kennara og verkefnastjóra var með besta móti. Nemendur voru óhræddir að koma sínum athugasemdum á framfæri og leiðbeindu verkefnastjóra meðal annars þegar kom að því að velja rétta forritið til að auka gagnvirkni í kennslustundum. Þá gáfu þeir verkefnastjóra góða innsýn á stöðu þeirra og þekkingu á sviðinu.

Hér koma nokkur lýsandi svör nemenda úr endurmatinu:

Hvernig fannst þér fræðslan almennt?

Vigdís var með fræðandi fyrirlestur sem hún fjallaði um á skemmtilegan og léttann hátt þannig það hélt athygli manns, talaði við okkur sem jafningja og svaraði öllum þeim spurningum sem við höfðum.

Alltaf gaman að fræðast meira um loftslagsjafnrétti, Verkefnið er spennandi.

Hvernig fannst þér gagnvirka nálgunin? (þannig að nemendur svara spurningum og svar þeirra birtist á skjánum)?

Mjög fínt, margir svara því enginn er hræddur um að svara vitlaust.

Þægilegt umhverfi til að taka þátt í samtalinu.

Mér fannst það fínt, gott að geta tekið þátt með þér í kynningunni svo maður detti ekki alveg út.

Það kom verkefnastjóra á óvart hversu vel það gekk að virkja nemendur í gegnum netið. Þegar þeir höfðu skilað svörum sínum gafst tækifæri til þess að biðja einstaka nemendur um að segja aðeins meira frá skoðunum sínum á málinu. Gott tækifæri gafst til þess að sjá hver fyrri þekking nemenda var á málefninu og miða kennsluna að þeirra grundvelli.

Hafa loftslagsmálin meiri áhrif á ákveðna hópa í samfélaginu? Hvaða?

Mentimeter



32

Hvað getum við gert?

Ýtt á þjóðir heimsins til þess að standa við alþjóðlega sáttmála sem hafa verið gerðir í þágu jarðarinnar. Parísarsáttmálinn. Aukin vitund einstaklinga og fræðsla varðandi kolefnisspor.

Ýtt á þjóðir heimsins til þess að standa við alþjóðlega sáttmála sem hafa verið gerðir í þágu jarðarinnar. Parísarsáttmálinn. Aukin vitund einstaklinga og fræðsla varðandi kolefnisspor.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Þegar hefur öllum kennurum í verkefninu Ungt umhverfisfréttafólk verið veittur aðgangur að þeim fræðslum sem gerðar voru í ferlinu. Auk þess hafa verið skrifaðar greinar á verkefnavefinn sem eru hluti af afrakstri verkefnisins, t.d. um tengingu verkefnisins við heimsmarkmiðin, grænþvott og falsfréttir. Sjá með því að smella á myndina hér að neðan.



Hvað er grænþvottur? – 4 ráð við grænþvotti frá Landvernd

Grænþvottur á sér stað þegar fyrirtæki, stjórnvöld eða stjórnmalaflokkar villa fyrir fólki með því að sýnast vera umhverfisvænni en þau raunverulega eru.



Falsfréttir – 10 ráð frá Landvernd

Hvað eru falsfréttir og hvernig er hægt að varast þær? Mikilvægt er að tileinka sér eftirfarandi ráð í baráttunni við falsfréttir.



Heimsmarkmiðin og Ungt umhverfisfréttafólk

Hvernig tengist verkefnið Ungt umhverfisfréttafólk Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun? Allt um það hér!

Fyrirhuguð er áframhaldandi vinna við þróun námsefnisins út frá verkefninu og ráðgert að vinna að almennilegri útgáfu þess á næstu tveimur árum.

Að lokum

Ljóst er að án styrks frá Sprotasjóði hefði þetta verkefni ekki orðið að veruleika og þökkum við því veittan stuðning. Styrkurinn hefur sannarlega gefið Ungu umhverfisfréttafólki, verkefni Landverndar, tækifæri til þess að vaxa í rétta átt, ná meiri fótfestu og áhrifum innan skólakerfisins. Árangurinn af verkefninu verður nýttur til góðra verka í framhaldinu og mun vonandi leiða til þess að umhverfismiðlun verði kennd með hliðsjón af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og aðalnámskrá skólanna, ásamt því að taka á þeim raunveruleika sem við búum við á tækniöld.

Endilega hafið samband ef óskað er nánari útskýringa á verkefninu, netfangið er umhverfisfrettafolk@landvernd.is

Dagsetning: 27. janúar 2021

Vigdís Fríða Þ.

Undirskrift verkefnisstjóra

Hildur Ingarsdóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla